

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um úttektir á öryggi loftfara nr. 752/2007.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar orðskýringar, sem hafa þá merkingu sem hér greinir:

Forgangsröðun skoðana á hlaði (prioritisation of ramp inspections): Sérstök ráðstöfun á viðeigandi hluta af heildarfjölda skoðana á hlaði sem framkvæmdar eru af hálfu aðildarríkis ár hvert, eins og kveðið er á um í 4. gr. a.

Viðfang (subject): Flugrekandi og/eða allir flugrekendur frá tilteknu ríki og/eða gerð loftfars og/eða tiltekið loftfar.

2. gr.

Ný grein, 4. gr. a, bætist við á eftir 4. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

4. gr. a

Viðmiðanir við forgangsröðun.

Flugmálastjórn Íslands skal forgangsraða hlaðskoðunum eftirtalinna viðfanga, lendi þau á alþjóðlegum flugvelli á Íslandi, að teknu tilliti til 4. gr.:

1. Viðföng, sem á grundvelli reglubundinnar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), eru talin geta ógnað öryggi.
2. Viðföng sem flugöryggisnefndin hefur bent á, í álti sínu á grundvelli reglugerðar um aðgerðir til að tryggja flugöryggi og skrá yfir flugrekendur sem ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur, að þurfi á frekari kerfisbundnum hlaðskoðunum að halda, til að þau geti sýnt fram á að þau uppfylli viðkomandi öryggisstaðla. Þetta getur tekið til viðfanga sem hafa verið tekin af skránni yfir flugrekendur sem bannað hefur verið flug inn til Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Viðföng sem auðkennd hafa verið eftir ábendingar frá aðildarríkjunum eða Flugöryggisstofnun Evrópu, á grundvelli reglugerðar um aðgerðir til að tryggja flugöryggi og skrá yfir flugrekendur sem ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.
4. Loftför sem eru starfrækt í flugi til landa innan Evrópska efnahagssvæðisins af flugrekendum sem tilgreindir eru í viðauka B við skrá yfir flugrekendur sem ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.
5. Loftför sem starfrækt eru af öðrum flugrekendum sem hafa fengið útgefið flugrekstrarleyfi frá sama ríki og flugrekandi sem á sama tíma er tilgreindur á skrá yfir flugrekendur sem ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.

3. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Skoðun á hlaði skal fara fram í samræmi við verklagsreglur Flugöryggisstofnunar Evrópu, EASA, sem og verklagsreglur sem lýst er í III. viðauka við reglugerð þessa. Skrá skal tafarlaust upplýsingar um framkvæmd skoðunar á þar til gerð eyðublöð sem í gildi eru hverju sinni samkvæmt framangreindum verklagsreglum. Upplýsingarnar skulu færðar í miðlægan gagnagrunn Flugöryggisstofnunar Evrópu.

4. gr.

Við 7. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., sem orðast svo:

Flugöryggisstofnun Evrópu sendir lista yfir þau viðföng sem nefnd eru í 4. gr. a með rafrænum hætti til aðildarríkjanna, a.m.k. á fjögurra mánaða fresti.

Flugöryggisstofnun Evrópu hefur eftirlit með forgangsröðunarferlinu og veitir aðildarríkjunum nauðsynlegar upplýsingar til að gera þeim kleift að fylgjast með framþróun í Bandalaginu að því er varðar forgangsröðun skoðana á viðföngum sem um getur í 4. gr. a, þar á meðal tölfraðileg gögn um

flugumferð sem máli skipta. Upplýsingagjöf er veitt í samvinnu við þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði flugmála.

5. gr.
Innleiðing.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist nýr stafliður, sem orðast svo:

c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 351/2008 frá 16. apríl 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/36/EB að því er varðar forgangsröðun skoðana á hlaði á loftfórum sem nota flugvelli Bandalagsins, sem birtist í viðauka IV við reglugerð þessa, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2009 frá 30. janúar 2009.

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr., 27. gr., sbr. 145. gr. og 146. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og 2. mgr. 4. gr., 5. gr., 7. gr. og 12. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands nr. 100/2006 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 26. febrúar 2009.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI III.

- I. Skoðun á hlaði skal taka til allra eftirfarandi þátta eða hluta þeirra, allt eftir því hve mikill tími er til umráða.
 1. Eftirlit með því hvort tiltekin skjöl, sem eru nauðsynleg fyrir alþjóðlegt flug, eru fyrirliggjandi og hvort þau eru gild, t.d. skráningarskírteini, leiðarflugbók, lofhæfivottorð, skírteini flugliða, talstöðvarskírteini, skrá yfir farþega og farm.
 2. Eftirlit með samsetningu flugáhafnar og að menntun og hæfi sé í samræmi við kröfur í 1. og 6. viðauka við Chicago-samninginn.
 3. Eftirlit með rekstrargögnum (fluggögnum, leiðarflugáætlun, tækniflugbók) og flugundirbúningi sem er nauðsynlegur til að flugið sé undirbúið í samræmi við viðauka 6 við Chicago-samninginn.
 4. Eftirlit með því að eftirfarandi þættir, sem krafist er fyrir alþjóðlega flugleiðsögu í samræmi við viðauka 6 við Chicago-samninginn, séu fyrir hendi og hver staða þeirra er:
 - a. flugrekandaskírteini,
 - b. hljóðstigs- og losunarvottorð,
 - c. rekstrarhandbók (þ.m.t. listi yfir lágmarksbúnað) og flughandbók,
 - d. öryggisbúnaður,
 - e. öryggisbúnaður í farþegarými,
 - f. búnaður sem er nauðsynlegur fyrir tiltekið flug, þ.m.t. fjarskiptabúnaður og fjarleiðsögubúnaður,
 - g. flugriti.
 5. Eftirlit með ástandi loftfars og búnaði þess (þ.m.t. skemmdir og viðgerðir) tryggir að stöðlunum í viðauka 8 við Chicago-samninginn sé fylgt að staðaldri.
- II. Gera skal skoðunarskýrslu að lokinni skoðun á hlaði og skal hún fela í sér staðlaðar, almennar upplýsingar, sem lýst er að framan, og skrá yfir atriði, sem hafa verið skoðuð, ásamt vísbindingu um annmarka sem staðfestir hafa verið fyrir hvert þessara atriða og/eða hvers kyns sérstökum athugasemdum sem kunna að vera nauðsynlegar.

Nr. 291

26. febrúar 2009

VIÐAUKI IV.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 351/2008

frá 16. apríl 2008

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar forgangsröðun skoðana á hlaði á loftfórum sem nota flugvelli Bandalagsins

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB frá 21. apríl 2004 um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins (¹), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 2004/36/EB er innleidd samhæfð nálgun á skilvirkri framkvæmd alþjóðlegra öryggisstaðla innan Bandalagsins með því að samræma reglur og verklagsreglur við skoðanir á hlaði á loftfórum frá þriðja landi sem lenda á flugvöllum í aðildarríkjum. Þær er kveðið á um að aðildarríkin skuli beita samræmdum verklagsreglum við skoðanir á hlaði á loftfórum frá þriðja landi, sem grunur leikur á um að samræmist ekki alþjóðlegum öryggisstöllum og lenda á einhverjum af þeim flugvöllum þess sem annast flugumferð milli landa og að þau taki þátt í að safna og skiptast á upplýsingum um þær skoðanir á hlaði sem eru framkvæmdar.
- 2) Til að nýta sem best takmörkuð tilföng, sem lögbær skoðunaryfirvöld hafa tiltæk í hverju aðildarríki, skulu þau veita tilteknun flokkum flugrekenda og loftfara, sem sérstaklega er hætt við annmörkum í öryggismálum, forgang að því er varðar skoðanir á hlaði.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (²).

SAMPÝKKT REGLUGERÐ PESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

(¹) Stjóri. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2111/2005 (Stjóri. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).

(²) Stjóri. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjóri. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „forgangsröðun skoðana á hlaði“: sérstök ráðstöfun á viðeigandi hluta af heildarfjölda skoðana á hlaði sem framkvæmdar eru af hálfu aðildarríkis ár hvert, eins og kveðið er á um í 2. gr. þessarar reglugerðar,
2. „viðfang“: flugrekandi og/eða allir flugrekendur frá tilteknu ríki og/eða gerð loftfars og/eða tiltekið loftfar.

2. gr.

Viðmiðanir við forgangsröðun

Með fyrirvara um 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2004/36/EB skulu aðildarríkin, við skoðanir sínar á hlaði, veita forgang eftirfarandi viðföngum þegar þau lenda á einhverjum af flugvöllum þeirra sem annast flugumferð milli landa:

1. viðföngum, sem greind hafa verið sem hugsanleg ógnun við öryggi á grundvelli reglubundinna greininga af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA),
2. viðföngum, sem bent hefur verið á, á grundvelli álits frá flugöryggisnefndinni í tengslum við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (³), að þurfi að sæta frekari kerfisbundnum skoðunum á hlaði til að sannreyna að þau fari að viðeigandi öryggisstöllum. Þetta getur tekið til viðfanga sem hafa verið felld brott úr skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 2111/2005 (skrá Bandalagsins);
3. viðföngum sem eru tilgreind á grundvelli upplýsinga sem framkvæmdastjórninni bárust frá aðildarríkjum eða Flugöryggisstofnun Evrópu skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005,
4. loftfórum sem eru starfrækt í flugi til Bandalagsins af flugrekendum sem eru á skrá Bandalagsins í viðauka B,

(³) Stjóri. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

Nr. 291

26. febrúar 2009

5. loftfórum, sem eru starfrækt af flugrekendum sem hafa vottun frá sama ríki og allir þeir flugrekendur sem eru á sama tíma á skrá Bandalagsins.

3. gr.

Tilkynningar

1. Flugöryggisstofnun Evrópu skal senda aðildarríkjumum skrá yfir viðföng, sem um getur í 2. gr., með rafraenum haetti á a.m.k. fjögurra mánaða fresti.
2. Flugöryggisstofnun Evrópu fylgist með forgangsröðunarferlinu og veitir aðildarríkjumum, í samvinnu við lögbærar, alþjóðlegar stofnanir á svíði flugmála, nauðsynlegar upplýsingar til að gera þeim kleift

að fylgjast með framþróun í Bandalaginu að því er varðar forgangsröðun skoðana á viðföngum, sem um getur í 2. gr., þ.m.t. viðeigandi tölfraðileg gögn um flugumferð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjumum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

B-deild – Útgáfud.: 18. mars 2009